



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 7. apríl 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30. Fundurinn fór fram í gegnum Teams fjarfundabúnað.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri. Kristín Björk Leifsdóttir boðaði forföll.

Niels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. dagskrárlið og Magnús Freyr Gíslason arkitekt og Þórður Karl Gunnarsson tæknifræðingur hjá Stoð sátu fundinn undir 2. dagskrárlið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2020 til fyrri umræðu. Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði í A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð á fjárhagsáætlun ársins. Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

2. Túnbraut 1-3 – breytingar á húsnæði

Fyrir fundinum lágu drög að breytingum á Túnbraut 1-3 sem teiknaðar voru af Magnúsi Frey Gíslasyni arkitekt. Fór sveitarstjórn yfir fyrirbyggjandi drög með starfsmönnum Stoðar og urðu umræður um verkefnið. Var sveitarstjóra falið að vinna áfram að verkefninu með Stoð og Vinnumálastofnun.

3. Fráveitustyrkir – umsókn

Fyrir fundinum lá umsókn dags. 29.03.2021 um fráveitustyrk úr ríkissjóði sbr. reglugerð nr. 1424/2020 um úthlutun styrkja til fráveitna sveitarfélaga. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun skv. reglugerð greiða út styrki vegna styrkhæfra fráveituf framkvæmda eftir því sem fjárheimildir leyfa. Að jafnaði nemur styrkfjárhæð 20%



af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra fráveituf framkvæmda. Umsókn var lögð fram til kynningar.

4. Ársreikningar

a. Hafnasamband Íslands

Lagður fram til kynningar.

5. Bréf

a. Styrktarsjóður EBÍ dags. 26. mars 2021

Með erindinu vakin athygli á styrktarsjóði EBÍ. Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum ýmis verkefni aðildarsveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til aprílloka. Var sveitarstjóra falið að senda inn umsókn til sjóðsins.

6. Fundargerðir

a. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 19. mars 2021

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26. mars 2021

Lögð fram til kynningar

7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:15.

Halldór G. Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir